

Mál nr. 412/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ sjúklingatryggingar.****Ágreiningur um hvort stofnast hafi til bótaskyldu vegna sýkingar í kjölfar sýnatöku.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.12.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13.1.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M leitaði til L, þvagfæraskurðlæknis, í desember 2011 og vildi fá skoðun á blöðruhálskirtli. Hann hafði ættarsögu um krabbamein í blöðruhálskirtlinum og mældist með PSA hækkun upp á 6,3. Við þreifingu reyndist kirtillinn einnig vægt afbrigðilegur. M fór í hefðbundna sýnatöku hjá L á læknastofu hans 4. janúar 2012. Eftir sýnatökuna fékk M sýklalyf í fyrirbyggjandi skyni. Í kjölfarið fékk M heiftarlega þvagfærasýkingu og var í fyrstu lagður inn á sjúkrahús í Keflavík, en vegna versnandi einkenna um lost var hann fluttur á bráðamóttöku Landspítala háskólasjúkrahúss í Reykjavík. Í skráningu vegna komu þangað 6. janúar 2012 segir að M hafi fengið ógleði og kastað upp kvöldið áður og haft linar hægðir en þó ekki niðurgang. Hann sé með sögu um „diverticulit og er með diverticulosu.“ Hann sé einnig með gigt og taki „Methotrexate“. Hann hafi og verið með „tinnitus“ og verið skoðaður af HNE-læknum tveimur dögum áður og settur á háskammta sterameðferð, Decortin 60 mg á dag. Samkvæmt skráningunni var M greindur með þvagvegssýkingu án tilgreindrar staðsetningar, þvagfærasýkingu, ótilgreint sýklabæði og „Sepsis, unspecified“. M lá á sjúkrahúsinu til 13. janúar, fyrst á gjörgæsludeild í tvo sólarhringa en síðan á smitsjúkdómadeild. Við útskrift var hann á nánar tilgreindum lyfjum en ráðlagt að vera ekki á „Methotrexate“ fyrr en hann hafi náð sér. Við eftirlit 31. janúar s.á. kom fram að M ætti talsvert eftir til að ná fyrri starfsorku. Hann var í veikindaleyfi í þrjá mánuði, en þegar hann sneri aftur til vinnu hafi hann fundið að líkamlegt form hafi ekki verið hið sama og áður og orðið fljótt þreyttur og slappur í vinnunni. Að ráði trúnaðarlæknis vinnuveitanda hafi hann svo minnkað við sig vinnu. Í læknisvottorði, dags. 13. júní 2016, kemur fram að einkenni séu enn hin sömu. Það valdi honum miklum ama í daglegu lífi og hann hafi aldrei náð góðri heilsu eftir að hann greindist með „DIC“.

Telur M að hann búi við síþreytu, lystarleysi, úthaldsleysi, þunglyndi og doða í vörum sem rekja megi til afleiðinga sýnatökunnar hjá L í janúar 2012. Með vísan til 4. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu hefur M krafist bóta úr sjúklingatryggingu L hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til meðferðar eða rannsóknar, þ.m.t. aðgerðar, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Við mat á því hvort bótaskilyrðum þessa töluliðar sé fullnægt skal annars vegar líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

M bjó við nokkra vanheilsu þegar hann gekkst undir sýnatökuna hjá L 4. janúar 2012. Í máli þessu liggur ekki fyrir neitt óvilhált læknisfræðilegt mat á því hverjar séu þær heilsufarslegu afleiðingar sem M býr við og rekja megi að öllum líkindum til sýnatökunnar þannig að með glöggum hætti megi gera grein fyrir hversu mikið tjónið er með tilliti til sjúkdóms og heilsufars M að öðru leyti. Að álitum L eru sýkingar eftir sýnatöku í blöðruhálskirtli vel þekktur fylgikvillur og þær komi upp í 1-4% tilvika. Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið verður ekki talið að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hafi verið sýnt fram á að heilsubrest M megi rekja til afleiðinga sýnatökunnar þannig að stofnast hafi

til bótaréttar úr sjúklingatryggingunni á grundvelli fyrrgreind ákvæðis í 4. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000. M á því ekki rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu hjá V.

Reykjavík, 7. febrúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.